

Garðabær
Sólveig Helga Jóhannsdóttir,
skipulagsfræðingur
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Garðabær, 14. nóvember 2019
2019110004/42-0
GAG, TB
tb

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-20130 vegna Norðurness á Álftanesi, skipulagslýsing

Vísað er til bréfs frá Garðabæ, dags. 30. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna tillagna að breytinga á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Norðurness á Álftanesi.

Umsögn

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um lýsingu vegna deiliskipulags fyrir Norðurness á Álftanesi 2018, sjá meðfylgjandi umsögn. Nú er málið tekið upp aftur þar sem fram eru komnar tillögur um breytingar sem kalla á formlegar breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar verði þær samþykktar. Á þessu stigi er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum um fyrirhugaða skipulagsvinnu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er almennt vel gerð grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugað er að taka fyrir í aðalskipulaginu og einnig er gott yfirlit yfir þá þætti sem þarf að skoða í skipulagsferlinu og umhverfisskýrslu. Meðal annars kemur fram að fyrirhugaður golfvöllur fellur í B flokk 1. viðauka laga nr. 106/2000 og Skipulagsstofnun þarf því að úrskurða hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Einnig er bent á sérsaka vernd, 61. gr. laga um náttúruvernd, undir umhverfisþættir í umhverfisskýrslu. Hins vegar er ekki bent á ákvæði í greininni sem þarf að taka sérstaklega fyrir svo sem þar sem segir: „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.“ og „Ákvæði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila.“

Náttúrufræðistofnun lítur svo á að í skipulagslýsingu eigi almennt ekki að koma fram endanleg afstaða til einstakra þátta í skipulaginu eða framkvæmda þ.e. hvort það sé ásætlanlegt eða ekki eða valdi verulegum umhverfisáhrifum enda eiga þau sjónarmið að koma fram í skipulagsferlinu



Þegar gögn liggja fyrir s.s. í umhverfismati þess eða mati á umhverfisáhrifum eftir því sem við á. Í framangreindu bréfi frá Garðabæ er sérstaklega óskað eftir sjónarmiðum um fyrirhugaðar breytingar enda er það ljóst að breytingarnar geta haft mjög neikvæð áhrif á náttúru svæðisins og því rétt að slík sjónarmið komi fram strax á þessu stigi.

Undir lið 1.2 í skipulagslýsingunni segir: „Áformaðar breytingar í aðalskipulagi eru í samræmi við markmið um umhverfisvernd og stuðla að nýtingu lands þar sem sambýli íbúa og náttúru er virkt.“ Vissulega má segja að sumar fyrirhugaðar breytingar geti verið jákvæðar fyrir náttúru svæðisins, s.s. að horfið er frá hesthúsabyggð á Breiðabólstaðaeyri við Seylu og smábátahöfn við Seylu, en aðrar ekki.

Í kafla 2.3. um mótvægisáðgerðir segir: „Sem dæmi um mótvægisáðgerðir má líta á áform um að hætta við uppbyggingu hesthúsahverfis, hafnar og aðstöðu vegna siglinga nyrst á nesinu sem ákveðið mótvægi við stækkun golfvallar.“ Réttilega segir „sem ákveðið mótvægi... því það er ljóst að mati Náttúrufræðistofnunar að hér verið að bera saman tvö ólík umhverfi og náttúrufræðistæður. Einnig verður að benda á að ekki er langt síðan að golfvöllur var settur niður á þessu svæði í skipulagi en nú á að stækka hann enn meir. Með sömu aðferðafræði má þá alveg eins gera ráð fyrir að þó hætt sé við skipulag við Seylu núna þá geti það breyst aftur, en þetta sýnir einmitt veikleika t.d. hverfisverndar. Breyting á skipulagi við Seylu er því í sjálfu sér engin trygging fyrir mótvægisáðgerðum hvorki vistfræðilega né sem einhvers konar uppbot. Breytingarnar eru að mati Náttúrufræðistofnunar ekki heldur í samræmi við að Garðabær verði í fararbroddi bæjarfélaga við verndun umhverfis og náttúru eða að allt kapp sé lagt á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis við allar framkvæmdir sbr. bls. 5 í skipulagslýsingunni, sjá hér á eftir.

Hugmynd um golfvöll sunnan Kasthúsatjarnar og á norðurbakka Bessastaðatjarnar við Hvol og Jörfa er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki góð og enn síður að nú er lagt til að stækka þann völl úr 17,6ha í 26,2ha og gera hann 4-skiptan "fullvaxta" 9-holu völl. Verði af stækkun hefur hún m.a. í för með sér að farið er alveg fram á bakka Bessastaðatjarnar við Hvol og Jörfa þar sem er stórt hettumáfsvarp, æðarvarp og fjölbreytt andfuglavarp. Eins er gert ráð fyrir að taka undir svæði á bakka Bessastaðatjarnar austan við Tjörn, þar sem er æðarvarp og andfuglavarp í óræktarlandi.

Forsenda fjölbreytts fuglalífs á Bessastaðatjörn eru varplendur á bökkum tjarnarinnar. Þær eru helstar Skansmýri í Bessastaðanesi (ekki röskuð núna), Kálfskinn í landi Jörfa (ekki raskað núna), Norðurbakki Bessastaðatjarnar (fer undir golfvöll), Tangi við Stóraskurð (lítið skert núna en þrengt að). Vatnsbakki austan Tjarnar (fer undir golfvöll). Staðsetning golfvallarins hefur einnig áhrif á friðlandið við Kasthúsatjörn og skerðir samgang Kasthúsatjarnar og endurheimt votlendis sunnan tjarnarinnar við Bessastaðatjörn. Allar þessar hugmyndir er í andstöðu við að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis.

Garðabær hefur í mörgum tilfellum verið fylgjandi og virkur aðili í vernd ákveðinna svæða innan sveitarfélagsins t.d. við Kasthúsatjörn. Nú er hins vegar svo komið á Álftanesi að bærinn verður að gera upp við sig hvert á að stefna með vernd lífríkis á nesinu. Það er ljóst að með fyrirhugaðri stækkun á golfvelli, sjá meðfylgjandi mynd af tillögu að golfvelli, mun votlendi og búsvæði fugla, og þess lífs sem þar er, skerðast verulega. Og smátt og smátt er gengið á það sem hefur



hingað til verið aðalsmerki Álftanes þ.e. þéttbýli í sveit, ef svo má að orði komast, sem m.a. sést í óvenju ríku fuglalífi á Álftanesi. Það má einnig spyrja hvort það sé brýn nauðsyn, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd, að hafa golfvöll á þessu svæði og hvernig á að rökstyðja það? Bæði má spyrja hvort það vanti golfvelli á höfuðborgarsvæðinu/Garðabæ og/eða hvort ekki sé hægt að velja betra svæði undir golfvöll? Í allra næsta nágrenni við Álftanes eru fjórir golfvellar. Ef það á að túlka virkt samþýli íbúa og náttúru sem jákvæða þróun fyrir báða „aðila“ þá er það frekar langsótt í þessu tilfalli, miðað við framlagðar tillögur, þó ákveðinn hópur íbúa njóti hugsanlega góðs af.

Garðabær hefur staðið fyrir endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn. Með fyrirhuguðum breytingum á nesinu má gera ráð fyrir neikvæðum áhrifum á votlendi og lífríki þess. Breytinguna þarf því að skoða bæði m.t.t. lífríkis almennt en einnig m.t.t. bindingu og losun kolefnis en gera má ráð fyrir að í framtíðinni aukist kröfur um að sveitarfélög nái fram markmiðum um að draga úr kolefnislosun og auka mótvægisáðgerðir vegna losunar. Einnig þarf að skoða tengslin milli Kasthúsatjarnar og Bessastaðatjarnar.

Við frekari vinnslu á skipulaginu vill Náttúrufræðistofnun vekja athygli á skýrslu stofnunarinnar frá 2004 um gróður og fuglalíf á Álftanesi <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2004/NI-04012.pdf> og auk þess á nýlegt vistgerðarkort <http://ni.is/grodur/vistgerdir>. Náttúrufræðistofnun vill jafnframt benda á að þetta svæði er hluti af mikilvægu fuglasvæði, Álftanes-Skerjafjörður, sjá <http://www.ni.is/node/16104> og <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun vill, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að það komi skýrt fram strax á þessu stigi málsins að stofnunin telur að það eigi að vernda það svæði sem fyrirhugað er að fari undir golfvöll og stækkun hans og leggur því til að fallið sé frá tillögum að breytingum á skipulaginu sem snúa að golfvelli. Náttúrufræðistofnun telur mun eðlilegra ferli að skoða fyrst hvort og að hve miklu leiti önnur landnotkun en vernd geti verið ásættanleg á umræddu svæði á Norðurnesi. Ef vilji er til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu þarf að skoða samspil manns og náttúru á Norðurnesi út frá vistfræði svæðisins áður en ákveðnar hugmyndir eru settar fram í skipulagi. Jafnframt er bent á að golfvöllur gæti þurft að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun telur skipulagslýsinguna að öðru leiti fullnægjandi en áskilur sér rétt til að koma að frekar athugasemdum á síðari stigum málsins verði þörf á því.



Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 6. júní 2018. Mynd frá kynningu á golfvelli.



Garðabær
Sólveig Helga Jóhannsdóttir,
skipulagsfræðingur
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Garðabær, 06. júní 2018
2018050035/42-0
TB
tb

Skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag Norðurness á Álftanesi

Vísað er til bréfs frá Garðabær, dags. 23. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Norðurnes á Álftanesi.

Í skipulags- og matslýsingunni er gert grein fyrir þeim skipulagsþáttum sem taka á fyrir í væntanlegu deiliskipulagi. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar eru þeir þættir sem líklegastir eru til að hafa áhrif á náttúru svæðisins ný íbúðasvæði, hafnarsvæði, athafnarsvæði og íþróttasvæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar kemur vel fram í lýsingunni hvaða svæði um er að ræða, hver staða þeirra er samkvæmt núverandi aðalskipulagi og gert grein fyrir náttúruvá en svæðið liggur mjög lágt. Einnig er gert grein fyrir hverfisvernd og friðlýstum svæðum. Í umfjöllun um umhverfismat er bent á þá náttúru- og umhverfisþætti sem að mati Garðabæjar þarf einna helst að fjalla um en það eru landslag og sjónræn áhrif, samfélagsleg og hagræn áhrif, gróður og lífríki, náttúruminjar og heilsa og öryggi. Helstu áhrifaþættir eru taldir vera smábátahöfn og fyrirhugaður golfvöllur. Í lýsingu á umhverfismatinu er síðan bent á ýmis lög er varða náttúruvernd og umhverfismál og þá væntanlega ýmis viðmið og leggja má til grundvallar í sjálfu matinu. Gert er ráð fyrir að styðjast við fyrirliggjandi gögn um t.d. náttúrufar en mögulega fengnir sérfræðingar til að greina einkenni og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan deiliskipulagssvæðisins.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er í skipulags- og matslýsingunni komið inn á flesta þá þætti sem þarf að fjalla um í deiliskipulaginu. Lýsingin gerir á þessu stigi að sjálfsögðu ekki grein fyrir gæðum þeirrar vinnu sem á eftir að fara fram og ekki er tímabært að meta áhrifin og gefa umsögn um þau. Auk þess sem kemur fram í skipulags- og matslýsingunni vill Náttúrufræðistofnun benda á að þetta svæði er hluti af mikilvægu fuglasvæði, Álftanes-Skerjafjörður, sjá <http://www.ni.is/node/16104> og <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>. Þar er einnig stórt hettumáfsvarp við Hvol sem eitt sinn var stærsta þekktu hettumáfsvarp landsins (1000-1200 pör). Skoða þarf útfærslu smábátahafnar, en mikið fuglalíf er á Seylunni og sækja m.a. lómar, himbrimar og hávellur þar æti í sjónum að vetrarlagi.



Garðabær hefur staðið fyrir endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn en gera má ráð fyrir að t.d. nýr golfvöllur geti haft neikvæð áhrif á annað votlendi á nesinu. Þetta þarf að skoða bæði m.t.t. lífríkis almennt en einnig m.t.t. bindingu og losun kolefnis en gera má ráð fyrir að í framtíðinni aukist kröfur um að sveitarfélög nái fram markmiðum um að draga úr kolefnislosun og auka mótvægisáðgerðir vegna losunar. Einnig þarf að skoða tengslin milli Kasthúsatjarnar og Bessastaðatjarnar. Við vinnslu á deiliskipulaginu vill Náttúrufræðistofnun vekja athygli á skýrslu stofnunarinnar frá 2004 um gróður og fuglalíf á Álftanesi <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2004/NI-04012.pdf> og auk þess á nýlegt vistgerðarkort <http://ni.is/grodur/vistgerdir>.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður Vistfræði- og ráðgjafardeildar





Viðlegukantur

Nýjar tjarir

Breiðabólstaða tjörn

Seylan

Gólfvöllur

Bessastaðatjörn

Kasthúsatjörn

Tenging milli tjarna

Nýir hólmur

Aningaarsalur

Eimubævi

Gólfskáfi

Þottevásáfi